

**OPIÐ BRÉF**

7

er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar fimmtudaginn 15. febrúar 1940.

1. febr.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920 allramildilegast höfum ákveðið að láta Alþingi koma saman til reglulegs fundar fimmtudaginn 15. febrúar 1940. Um leið og Vér birtum þetta, bjóðum Vér öllum þeim, er setu eiga á Alþingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá sett Alþingi eftir að guðsþjónustugerð hefir farið fram í Dómkirkjunni.

*Gjört á Amaliuborg, 1. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

**KONUNGSBRÉF**

8

um setning Alþingis.

1. febr.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vér viljum hér með veita yður sem forsætisráðherra Vorum umboð til þess í Voru nafni að setja Alþingi, er koma á saman til reglulegs fundar fimmtudaginn 15. febrúar 1940.

*Gjört á Amaliuborg, 1. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

**LÖG**

9

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna að veita upplýsingar um ferðir skipa.

12. febr.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórnin getur, er hún telur nauðsynlegt vegna yfirvofandi eða yfirstandandi ófriðar eða hliðstæðs ástands, fyrirskipað, að enginn megí láta neitt uppi við óviðkomandi menn um ferðir íslenzkra eða erlendra skipa.

9 12. febr. Nú notar ríkisstjórnin heimild þá, sem henni er veitt í lögum þessum, og taka þá bannfyrirmæli hennar til allra upplýsinga um burtför skips úr höfn, um ferð þess frá einnig höfn til annarar, um það hvar skipið er satt á hverjum tíma, um ákvörðunarstað þess og komu í höfn í ferð eða að lokinni ferð, svo og til allra upplýsinga um farm skips og farþega.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera allar þær ráðstafanir, sem henni þykir þurfa, til þess að bannfyrirmæli þau, sem um ræðir í 1. gr., komi að haldi, þar á meðal að láta stöðva símskeyti um ferðir skipa, ef þurfa þykir.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 10000 krónum eða fangelsi allt að einu ári, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt öðrum lögum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

10

## L Ö G

12. febr.

um breyting á lögum nr. 7 11. marz 1930, um Útvegsbanka Íslands h/f og um Íslandsbanka.

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

1. mgr. 6. gr. laga nr. 7 11. marz 1930, um Útvegsbanka Íslands h/f og um Íslandsbanka, hljóði svo:

Aðalfundur hlutafélagsins kýs fimm manna fulltrúaráð með hlutfallskosningu og fimm til vara á sama hátt, en fulltrúaráðið ræður bankastjóra, ákveður tölu þeirra, laun og ráðningarkjör.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*